

Kindur við kvikmyndaleik



Ljósmyndari Vísis átti nýlega leið út á Flugfélag og sá þá óvenjulega sjón. Voru þar nokkrir tugir kinda við kvikmyndaleik. Var þar kominn Mai Zetterling, með sitt lið af kvikmynda-tökumönnum. Hafði hún fengið að láni eina af Douglas flugvélu um Flugfélagsins og fullan bíl af fé, sem var á leið til slátrunar, úr Þingvallasveitinni.

Voru rollurnar reknar inn í flugvélinu og út úr henni aftur. Er þetta gert til að fræða umheiminn um fjárlutninga með flugvélu, sem munu vera fátíðir annars staðar en á Íslandi. (Ljós. Vísis: B. G.)

Bretland vex

Framh. af 1. síðu.

Engin utanaðkomandi áhrif.

Í fyrstu tók Mr. Jenkins fram, að hann hefði aðhyllt núverandi skoðun sína fyrir allmörgum árum síðan, og þótt MacMillan hefði tekið upp sömu stefnu eða Geitskell snúist gegn henni, breytti það ekki afstöðu hans!

Hann vék nokkrum orðum að brezkun þjóðinni, og benti á þá staðreynd, að Bretland hefði aldrei orðið fyrir verulegum utanaðkomandi áhrifum, landið hefði aldrei verið hernumið, né orðið fyrir nein um annars konar „innrásur“. Síðir fólksins og grundvallarstefnur hefðu því haldist óbreyttar svo lengi sem menn minntust. Þetta ástand hefði orðið til þess að Bretar hafa að mörgu leyti einangrazt og orðið íhaldssamir og andstæðir öllum breytingum. Því er andstaðan gegn inngöngu inn í stórt alþjóðlegt bandalag mikil, og hræðslan við glötun sjálfstæðisins ekki síðri.

Tvívætt spurning.

Hann skipti spurningunni um hvort Bretar gerðust aðilar að Efnahagsbandalaginu í tvennt, efnahagslega og stjórnmálalega.

Efnahagslega séð, yrði innganga

Bretum til góðs. Við það myndu mörgum sinnum stærri markaðir myndast, og möguleikar fyrir brezkan iðnað og þjóðarframleiðsluna aukast að mun. Hvað samveldin snertir, þá er andstaða þeirra í sjálfu sér skiljanleg. En eins og Ghana tekur samband Afríkubjóðanna fram yfir brezka samveldið, eins og Indland tekur samtök hlutlausra þjóða fram yfir brezka samveldið, þá er það skiljanlegt, að Bretland taki Efnahagsbandalagð fram yfir samveldið á sama hátt.

Fá aukin áhrif.

Stjórnmálalega séð, þá mundi vegur Bretlands einnig aukast með þátttöku í Efnahagsbandalaginu. Ef það stæði utan þess, stæði eitt sér, þá verður af skiljanlegum ástæðum minni gaumur gefinn því, sem þeir leggja til alþjóðamála, þeir verða ekki lengur stórt afl, þegar aðrar Evrópuþjóðir sameinast. Með aðild að Efnahagsbandalaginu gætu þeir hins vegar látið að sér kveða, haft áhrif í alþjóðamálum og verið á odd sem tekið væri eftir.

Það hefur jú alltaf verið takmark Breta og reyndar staða þeirra hingað til.

Af þessu mætti draga þær niðurstöður, að Bretland mundi vaxa bæði efnahagslega og stjórnmálalega með aðild að Efnahagsbandalaginu.

Allmörgum fyrirspurnum var

Sýning Hafsteins Austmann

Í dag klukkan tvö opnar Hafsteinn Austmann málverkasýningu að Kastalagerði 7 í Kópavogi. Er það í húsi, sem hann er að byggja og er nær fullgert.

Á sýningunni verða um 30 vatns-litamyndir og 25 olíumálverk. Myndirnar eru allar nonfigurativar og eru flestar málaðar á striga, en nokkrar á harðtex.

Sýningin verður opin til 3. nóvember og er aðgangur ókeypis. Þetta er fjórða einkasýning Hafsteins, auk þess sem hann hefur tekið þátt í samsýningum heima og erlendis og á nú fimm myndir á Farandsýningu í Vestur-Þýskalandi.

Til skýringar fyrir ókunnuga, má geta þess, að Kastalagerði er vestan við kirkjuna í Kópavogi og hægt að ganga þangað yfir holtið, eða aka frá Kársnesbraut upp Urðarbraut.

Norðurleiðin

Framh. af 16 síðu

Ýtan var biluð og í gærkveldi sendi vegagerðin viðgerðarmenn fram í Bakkael til að gera við ýtuna og var búizt við að hún kæmist í lag seint í gærkvöld eða í nótt.

Í gærmorgun bárust vegagerð-

inni þær fréttir af Möðrudalsöræfum að þau væru að verða ófær. Þá var snjókomu þar og talið að ef eitthvað hvessti eða herti á snjókomunni yrði þar strax ófært.

Á Akureyri var veður enn sæmlegt í gærkveldi, logn og frostlítið en smá ofanhrið öðru hverju.

Kaupmenn

Framhald af bls. 16

um á ferð sinni. Á þinginu verður íslenska deildin formlega tekin inn í samtökin. Einn fulltrúi, Ólafur Johnsen (Johnsen og Kaaber) er farinn utan.

Meðlimir samtakanna eru alls milli 3—400 þúsund frá 70 til 80 löndum. Hérlandis eru meðlimir 50 og allir undir 40 ára aldri. (Ljós. Vísis I. M.)

Símalyfseðlar...

Framhald af 16 síðu

Því að í lyfjabúðum eigi sér ekki stað viðskipti, sem geti talizt hættu leg fyrir einstaklinga eða almenn- ing og lyfjabúðum ósæmileg.

Sem kunnugt er, telja ýmsir læknar nauðsynlegt að halda skrá yfir sölu deyfilyfja eins og eiturylfja, og hefur m. a. formaður Læknafélags Reykjavíkur gert það að tillögu sinni.

Þá eru í frumvarpinu ákvæði um lyfjaskrá, rekstur lyfjabúða, vinnudeilur og kjarasamninga milli starfsfólks lyfjabúða og lyfsala, verðlagningu o. fl.

Ásgerður Búadóttir sýnir

Frú Ásgerður Búadóttir, kona Björns Th. Björnssonar, opnar í dag sýningu á myndvefnaði í vinnustofu sinni, Karfavogi 22.

Sýning þessi er fyrsta sjálfstæða sýning Ásgerðar og líklega hin fyrsta hérlandis á myndvefnaði ein göngu. Ásgerður hefur tekið þátt í mörgum sýningum bæði innanlands og utan, m. a. tók hún þátt í alþjóðlegri listiðnaðarsýningu í München árið 1956 og voru henni þar dæmd gullverðlaun sýningarinnar. Á þeirri sýningu var mynd hennar „Stúlka með fugl“ og hefur hún komið út í eftirprentunum Helgafells.

Frú Ásgerður stundaði nám í myndlist hér heima, en fór síðan til framhaldsnáms til Danmerkur og stundaði þar nám við Konunglega Akademið í Kaupmannahöfn á árunum 1946—1950. Þótt hún legði stund á myndlist fór svo, að að námi loknu tók hún aðallega að fast við myndvefnað og hefur helgað sig þeirri myndlistargrein síðan. Auk myndvefnaðar hefur frú Ásgerður unnið að skreytingum á byggingum, teiknað myndir fyrir verksmiðjuíðnað og myndskreytt bækur.

Myndvefnaðarsýningin, sem opnuð verður í dag, verður opin daglega frá kl. 2—10 til þriðjudagsins 6. nóvember.



Frú Ásgerður Búadóttir við vefstólinn.

beint að fyrirlesaranum að erindinu loknu. Upplýsti Mr. Jenkins þar m.

a, að hann sem sósíalisti styddi ekki sízt inngöngu Breta með tilliti til þess, að sósíalisminn stæði á

mun hærra stigi á meginlandi Evrópu en í Bretlandi.

Hann vék ekki að Íslandi, né hvort rétt væri að Íslendingar gerðust aðilar að bandalaginu eða ekki.

á dagskrá

Hungruð börn

Þrátt fyrir alla baráttu mannsins fyrir betri lífnaðarháttum, vaxandi þjóðfélagsöryggi, auknu kaupum, styttri vinnutíma og meiri þægindum verður mannkynið að horfast í augu við þá bitru staðreynd að það hefur ekki enn unnið sigur í baráttunni gegn frumstæðasta vandamáli lífandi vera: hungri. Daglega berast okkur fréttir af því að hungursneyð ríki einhvers staðar í heiminum. Við sjáum myndir af vannærðu fólki, við sjáum umfram allt myndir af vannærðum börnum sem ekkert virðist bíta nema dauðinn svo framarlega sem ekkert verður að gert. Þetta eru hlutir sem við vitum. En af því að þetta gerist í órafjarlægð utan við hinn hversdagslega lífshring okkar þá hætta okkur kannski til að yppa öxlum og segja: Hvað kemur okkur þetta við? Þetta eru einhverjar frumstæðar þjóðir sem eru okkur óviðkomandi.

Erum við þá samvitzkulaus? Við játum öll að það er smáarblettur á mannkyninu að börn skuli deyja hungurdaða. Ef við fréttum af hungursneyð uppi á Akranesi þá rykjum við áreiðanlega upp til handa og fóta og veittum alla þá hjálpi sem við gætum framast í té látið. En ég vil spyrja yður lesandi góður: Er þá einhver munur á hungurðu barni á Akranesi, Alsír, Persíu eða Kína? Er sá maður til á Íslandi sem ekki vill leggja eitthvað af mörkum til þess að bjarga hungurðu barni frá dauða?

Alþýðublaðið hefur gengið hér á und. með góðu forðæmi það hefur gengizt fyrir söfnun til vannærða barna í Alsír undanfarna daga og á þeim tíma hafa safnast tugir þúsunda. Vísir skorar á lesendur sína að leggja þessu máli lið. Þyki einhverjum þægilegra að koma framlagi sínu á ritstjórnarskrifstofu Vísis fremur en til Alþýðublaðsins þá er það með þökkum þegið og verður sameinað sjóði Alþýðublaðsins.

Indland

Framhald af bls. 1.

Nehru forsætisráðherra Indlands upplýsti í gærkvöldi, að það væri ljóst, að Kínverjar hefðu beitt heilu herfylki, senni lega um 20 þúsund manna herliði á norðaustur landamærunum.

Í gær stóðu bæði þar og í Ladak-héraði blóðugir bardagar. Var mikið mannfall í liði beggja, en Kínverjar höfðu slíkt ofurefli liðs einkum á norðausturlandamærunum, að Indverjar urðu að láta undan síga og náðu Kínverjar m. a. á sitt vald tveimur fjallaskörðum og einni brú, sem talin voru hernaðarlega þýðingarmikil.

Talsmaður Bandaríkjastjórnar upplýsti í gær, að Indverjar hefðu beðið Bandaríkin um aðstoð, einkum að þeir útveguðu þeim herflutningsflugvélar og hefði Bandaríkjastjórn samþykkt slíka aðstoð.